



Robert Dell

HITAVÆTTIR THERMAL GUARDIANS

LISTASAFN REYKJAVÍKUR - HAFNARHÚS
REYKJAVÍK ART MUSEUM - HARBOUR HOUSE

JANÚAR - MARS 2001

Listamaðurinn

Fagurfræðilegar rannsóknir mínar á jarðhita hófust á fyrri hluta níunda áratugarins þegar langvarandi veikindi gerðu mér ljóst hversu viðkvæmar, hverfular og heilagar allar lífandi verur eru - ég sjálfur meðtalinn. Með einfaldri útvíkkun gildir þessi staðreynd einnig um allar auðlindir jarðarinnar og plánetuna sjálfa. Ég hef fylgt þessari heimspeki af mestu nærgætni þegar þessi listaverk voru knúin af afli Geysis og hverum í Krýsuvík á Íslandi sem og af hverum í Yellowstone þjóðgarðinum í Bandaríkjunum. Það er bjarglöst sannfæring mín að jarðhiti í sínum fjölbreyttu myndum getur verið augljós lausn á orkuþörfum okkar, án mengunar, þar sem hann byggir á endanum á öruggum afgjafa kjarn-orku, jarðkjarnanum sjálfum.



Efniviður varð næstum að helgigríp hjá mér (ég var líka blankur) og ég notaði vandlega hvern bít af endurnýttum málmplötum, og breytti þeim algjörlega í hvert það form sem mér fannst ég knúinn til að skapa. Fyrstu höggmyndirnar sem ég gerði á þessum tíma voru úr járn. Járníð var oftast svonefnt loftsteinajárn, og þýðing fornra heita á þessu efni í ólíkum menningarheimum vísuðu til þess sem áþreifanlegar tengingar okkar við himnana. Það var einnig hægt að finna sögulegar tilvísanir til kvars-kristalla sem samþjöppun á krafti jarðarinnar. Upphaflega var járn unnið og mótað í smiðjum og eldi. Höggmyndirnar mínar voru unnar með þessum hætti, þar sem kvars-kristöllum var bætt inn í til að sameina jörð og himinn í eina heild.

Þar sem kristallar eru tákn fyrir orku jarðar virtist rökrétt að gera þessa orku sýnilega í verkunum með því að láta kristallana senda frá sér ljósgeisla. Ein helsta leiðin jarðarinnar til að sýna þá orku sem í henni býr er í gegnum jarðhita.

Hið sérstaka fagurfræðilega viðfangsefni sem varð að leysa í fyrstu jarðhita-höggmyndinni var með hvaða hætti væri hægt að persónu- og efnisgera orku jarðarinnar og gera hana almennt skiljanlega og sjáanlega í formi verks sem væri tengt mannlegri stærð og væri ekki ógnandi, heldur veki með mönnum tilfinningar fyrir áreiðanleika, róandi hlýju og lotningu. Formbirting jarðhita á yfirborðinu er stórfengleg sjón sem er erfitt að keppa við sem slíka. Ég gat 'keppt við' þessi sjónarspil með leysigeislum, vatnshjólum og öðrum þvilkum aðferðum, en eins og áður segir hefði slíkt verið sjónrænn dónaskapur, einkum á slíkum stöðum, og jaðraði að mínu áliti við að vera helgisþjöll.

Fyrsta jarðhita-höggmyndin var tímabundin innsetning á hverasvæðinu í Krýsuvík árið 1989, þar sem verkið fékk orku sína úr gufuholu, sem nú er horfin. Þetta verk hefur nú verið sett upp varanlega við Perluna. Það hefur í sér hringrás heits vatns, sem heyrir í, og gefur því nærri því dýrslegt æðakerfi, þar sem heitt vatn er 'blóð þess og lífgjafi.' Ég hef séð skólábörn í Reykjavík hlýja sér á höndunum á verkinu, og ég hef stundum séð þau hjúfra sig upp að því til að halda á sér hita. Rafmagn verður til með beinum hætti af muninum á hitastiginu á heita vatninu og loftinu umhverfis verkið, sem skapar raflýsingu sem sést þar sem hún brotnar í gegnum stóran kvarskristall hluta í verkinu. Ljós magnið vex og minnkar hægt og rólega í samræmi við tíma dags, sólarljós, hitastig, úrkomu og jafnvel vindkviður. Hitinn í verkinu gerir það að verkum að regndropar gufa fljótt upp og snjó bráðnar áður en hann getur safnast fyrir. Hreyfialfsfræðin vinnur hér í hægum, sveiflukennndum takti skjaldbökkunar.

Þau fagurfræðilegu markmið sem áður voru nefnd þróuðust og mótuðust af nauðsynlegum þáttum eins og að ljósið sæist og þeim byggingarþörfum sem þurfti að uppfylla til að verkin gætu borið í sér þá innri byggingu sem útfærslan krafðist. Rafleiðslur og pípulagnir voru faldar inn í verkunum, líkt og allt væri gert með töfrum. Alveg eins og bifreiðar voru í upphafi byggðar á þeirri háþróðu vagnatækni sem þá var fyrir hendi áður en þær þróuðust í þá bíla sem við þekkjum í dag byggðust fyrstu jarðhita-höggmyndirnar mínar öðru fremur á strúktúrbreyttum hefðbundinna höggmynda. Eftir því sem skilningur minn óx á þeim kerfum sem urðu til og þar með geta mín til að setja þessa flóknu þætti saman á hreinlegan hátt, fengu verkin á sig eigið ljóðrænt aðdráttarál.

Næsta rökrétt skrefið var að færa innri kerfin út á yfirborðið, og þar með að gera hið dularfulla sýnilegt.

Fitukenndir vökvafletir skipta hratt um lit í beinni svörum við breytingum á hitastigi. Eftir því sem jarðhitinn dreifist er bókstaflega hægt að sjá litina í vindinum. Skínandi ljósadióður og díóðu-leysigeislar skapa fjölbreyttari og bjartari lýsingu. Önnur breyting sem virðist eiga sér stað er áherslan á fyrirbærið sjálft, aflfræði hinna fögru ljós- og litabreytinga.

Verk eins og mín geta vonandi gegnt því hlutverki að vera brú til að hjálpa okkur að skilja og lífa í sátt og samlyndi við stoðkerfi tilveru okkar - jörðina sjálfa. Þetta er ný goðafræði, með notkun nútímatækni. Þetta eru sjáanleg sagnakvæði, sem syngja ofurmjúkt ljóð jarðarinnar til þeirra sem vilja hlusta.

The Artist

My geothermal aesthetic inquiry began in the early 1980's when a prolonged period of illness made me acutely aware of just how fragile, transitory and sacred all living things are - myself included. By extension, so are the earth's resources and the planet itself. I have carefully adhered to this philosophy when these works were powered by Geysir and Krýsuvík in Iceland and at Yellowstone National Park in the United States. It is my firm belief that geothermal energy in its various forms can be the obvious Non-polluting answer to our energy needs as it ultimately relies on that safe nuclear power source, the Earth's core.

Materials became almost sacred objects to me (I was also short of funds) and I carefully used each piece of recycled sheet metal, completely transforming it to whatever shape I felt compelled to make. The sculptures I produced at this time were made of iron. The first iron was most often meteoritic in origin, and a translation of its early names in divergent cultures alluded to it as our tactile connection the heavens. There were also historical references to quartz crystals as perceived concentrations of the Earth's power. Originally, iron was worked and hammered in forges and fires. My sculpture works were made in this fashion, with quartz crystal areas added to establish an earth and sky union.

Since the crystals are symbolic of Earth energy, it seemed only logical to have this energy visible in the work, by having the crystal radiate light. One of the major manifestations of the Earth's energy is expressed in geothermal phenomenon.

The particular aesthetic problem to be solved in the first geothermal sculpture was to personify and embody the Earth's energy and to express as a universally understandable perceptual experience in the form a non threatening, inviting object related to human scale, that promotes a feeling of dependability, comforting warmth and awe. Surface manifestations of geothermal energy are spectacular sights and as such are formidable visual competition. I could 'visually compete' using laser projections, water wheels and similar venues, but as stated earlier, this would be bad visual manners particularly at such locations and in my view, almost sacrilegious.

The first geothermal sculpture was a temporary installation at the Krýsuvík geothermal area in 1998, where it was powered by the now nonexistent geothermal steam vent. This work is a permanent installation at Perlan. It has an audible geothermal hot water circulation system, giving it an almost mammalian circulation system using geothermal energy as its 'blood and life source'. I have seen Reykjavik school children warm their hands on the work, and I have sometimes seen them snuggle close to it to keep warm. Electricity is generated directly from the temperature difference between the geothermal heat and the air, creating electric light that is visible at it is refracted through a large quartz crystal section. The level of light slowly responds to the time of day, sunlight, temperature, precipitation and even gusts of wind. The geothermal heat makes the rain evaporate quickly and snow melts before it can accumulate. The kinetics exist in a slow rhythmic turtle - time cadence.

The previously stated aesthetic objectives were shaped and evolved by the physical necessities such as having the light visible and the obvious structural requirements needed to contain the inner workings. The electronics and plumbing were hidden inside the sculptures, as if it were all done by magic. Just as the first automobiles were at first extensions of the highly developed existing wagon technology which evolved into the cars we have today, my first geothermal were grounded in the more traditional sculptural structural parameters. As my understanding of the created systems increased with my ability to cleanly create these complicated components, they began to have a poetic appeal of their own.

The next logical step was move the inner workings to the surface, and thereby bring the mystery into view.

Cholesteric liquid panels rapidly change color in direct response to temperature change. As the geothermal heat is dissipated, you can literally see the colors of the wind. Brilliant LEDs and diode lasers create a more varied and luminous light display. Another change that seems to be occurring is the emphasis on phenomenon, the beautiful light and color change kinetics.

Work such as mine can hopefully serve as a bridge to help us understand and live in harmony with our life support system - the Earth. It is a new mythology, using today's technology. They are visual ballads that gently sing the Earth's song to those that want to listen.



Gagnrýnandinn

Listamaðurinn er hirsla fyrir tilfinningar sem koma alls staðar að: frá himninum, frá jörðinni, frá bréfsnífsi, frá mynd sem líður fram hjá, frá kóngulóarvef.

Pablo Picasso (1881-1973)

Maðurinn varð að manni vinnunnar vegna, hann steig út úr dýrarkínu sem breytandi þess náttúrulega í hið tilbúna, og varð því tóframaðurinn, skapari félagslegs raunveruleika, og mun alltaf vera hinn mikli tóframaður, mun alltaf vera Próméþeus að koma með eldinn frá himni til jarðar

Ernst Fischer (1899-1972)

Samkvæmt skilgreiningu er jarðlist listmiðill sem venjulega breytir eða umskapar stað í náttúrunni til að uppfylla sýn ákveðins listamanns eða hóps listamanna. Sumir jarð- eða landlistamenn endurraða eða snúa við hlutum jarðarinnar með því að hreyfa til steina, jarðveg, lauf, fallin tré eða þvíumlíkt. Aðrir byggja stundum varanleg eða hálf-varanleg mannvirki sem þrátt fyrir einangrun sína skapa stórvirk form sem koma sérstaklega illa við mann. Robert Dell skapar einnig jarðlistaverk; verk hans eru hins vegar einstök í þessum miðli því hann leggur mikla áherslu á að skilja við landið eins og hann kom að því.

Dell vill fremur fela sig náttúrunni á hönd en að endurbyggja hana. Myndrænt séo standa raunveruleg og andleg áhrif listaverka hans nær tilvist fjaðrar en varanleik fjallsins. Hin sterka sýn hans á rót sína að rekja til reynslu hans við að vinna með orku jarðarinnar - það sem hann nefnir gjarnan blóð jarðar; jarðhitann sem rís til yfirborðsins í hverum og laugum.

Í sem einföldustu máli tekur hann jarðorku að láni til að knýja listaverkin sín. Hitaáhrif þessa heita vatns skapar rafmagn þegar það kemur saman við kaldari koparleiðslur verksins, sem síðan lýsir upp kristalfleti sem varpa ljósi og litum á yfirborð höggmyndanna. _essi umskipti orku og raunverulegt form tótem-likra verka hans skapa fullkomna og tæra heild. Í list hans eru vísindin brúin sem tengir allt saman; þrátt fyrir það fær maður á tilfinninguna við að upplifa höggmyndir Dell að vísindin fjalli jafn mikið um innsæi og þau fjalla um staðreyndir og upplýsingar.

Hann heldur jafnvægi milli tveggja hliðstæðra viðfangsefna - fagurfræðilegra viðhorfa sinna og virðingu sinni fyrir náttúrunni - vegna þess að honum finnst að þannig geti listamaður best unnið með ábyrgum hætti. Hann nær að stjórna orku jarðarinnar með listilegum hætti með því að virkja hana um stundarsakir af því hann vill leyfa okkur að njóta breytileikans. Of ef við sjáum breytileikann, þá getum við séo ljósið, bæði bókstaflega og í yfirfærðri merkingu.

Dell afsannar hið alþekktu spakmæli að það þurfi að brjóta nokkur egg til að búa til eggjaköku. Hann sýnir okkur betri, kurteisari leið til að meta jörðina að verðleikum. Hann sannar að listin getur breytt fyrirfram mótuðum hugmyndum ef að listamaðurinn og áhorfandinn sýna næga þolinmæði. Hann sýnir okkur að list og hrein orka geta unnið saman, án þessa að misnota hvort annað. Hann hefur fundið stað þar sem form efní eins og járn og kristalar geta blandast nútímataekni. Hann sýnir okkur líka með eigin fordæmi hvernig tæknisinni getur sýnt jörðinni fulla virðingu.

Dell fagnar stjórnlausum þáttum vinds, úrkomu, veðrabrigða og jarðhita vegna þess að þeir gefa list hans svipbrigði. Á litaspjaldi hans er að finna skínandi kristala og fitukennda fljótandi kristalfleti á meðan járn, í formi ryðfrís stáls, kopar, ál og brons eru notuð til að framkalla formin.

List Roberts Dell eru líkt og fjöður vegna þess að hún felur í sér von og frelsi. Hann sannar að við getum fengið lánað frá jörðinni án þess að vanvirða hana eða vanmeta uppsprettuna. List hans er eins og fjöður vegna þess að logsoðin formin minna á snúningskraftinn án af mikillar áreynslu. List hans er eins og fjöður vegna þess að hún er ætíð háð vindi; vegna þess að hún er hlý og virkar af nauðsyn.

D. Dominick Lombardi

Tilvitnunin í Picasso er fengin úr:

Conversation avec Picasso, in Cahiers d'Art, vol. 10, no. 10 (1935; þýdd í bók Alfred H. Barr Jr., Picasso: Fifty Years of His Art, 1946).

Fischer, austurrískur ritstjóri, ljóðskáld, gagnrýnandi - tilvitnun hans er fengin úr: The Necessity of Art, ch. 5 (1959; þýdd 1963).



The Critic

*The artist is a receptacle for emotions that come from all over the place:
from the sky, from the earth, from a scrap of paper, from a passing shape,
from a spider's web.*

Pablo Picasso (1881-1973)

*Man, became man through work, who stepped out of the animal kingdom as
transformer of the natural into the artificial, who became therefore the
magician, man the creator of social reality, will always stay the great
magician, will always be Prometheus bringing fire from heaven to earth*

Ernst Fischer (1899-1972)

Earth Art, by definition, is an art form which usually changes or reshapes an existing natural site to fulfill the vision of a particular artist, or group of artist's. Some earth or land artists rearrange or reorient sections of the earth, moving rocks, soil, leaves, fallen trees and the like. Others occasionally build permanent or semipermanent structures that, despite their relative remoteness, create a monumental form that is distinctly jarring. Robert Dell also creates earthworks; however, his art is unique to this genre because he insists on leaving the earth the way he found it.

Dell would rather embrace nature, than rebuild it. Metaphorically speaking, the physical and spiritual impact of his art is closer to the presence of a feather than to the permanence of a mountain. His strength of vision stems from his experience in working with our planet's power - what he likes to call the earth's life blood; the hot, geothermal waters which rise to form such things as geysers or hot-spring pools.

Simply put, he borrows geothermal energy to fuel his art. The warming effect of this heated water, when combined with cool copper conductors creates electricity which in turn, back-light crystal slabs that illuminate and color the surfaces of his sculptures. This exchange of energy, and the actual physical forms of his totemic works form a perfect and pure union. In his art, science is the bridge; however, one gets the feeling when experiencing Dell's sculptures that science can be as much about intuition as it is about facts and data.

He harmonizes parallel concerns - his esthetic leanings, and his appreciation of nature - because he feels that that is the most responsible way an artist can work. He artfully directs the earth's power by momentarily harnessing it because he wants us to experience the variables. And if we see the variables, then we may literally and figuratively see the light.

Dell disproves the familiar adage that you have to break a few eggs to make an omelette. He shows us a better, more respectful way to appreciate the earth. He proves that preconceptions can be changed by art if the artist and the viewer exercise patience. He shows us that high art and pure energy can work together, without exploiting either. He's found a place where age old elements such as iron and crystal can commingle with modern technology. He also shows us by example, how a technologist can respect the earth.

Dell welcomes the uncontrollable aspects of wind, precipitation, climactic changes, and geothermal energy because they give his art gesture. For his palette, he employs illuminated crystals and cholesteric liquid crystal panels, while iron, in the form of stainless steel, as well as copper, aluminum and bronze are used to fabricate his forms.

Robert Dell's art is like a feather because it embodies freedom and hope. He proves that we can borrow from the earth, without disrespecting or under-appreciating the source. His art is like a feather because his welded forms suggest torque without overstating effort. His art is like a feather because it is always susceptible to the wind; because it is warm and because it functions out of necessity.

D. Dominick Lombardi

Picasso quote from:
Conversation avec Picasso, in
Cahiers d'Art, vol. 10, no.10 (1935);
tr. in Alfred H. Barr Jr., Picasso: Fifty
Years of His Art, 1946).

Fischer, Austrian editor, poet, critic -
his quote is from. The Necessity of
Art, ch. 5 (1959; tr. 1963).



Robert Dell

Fæddur / Born: 1950, Nyack, New York

Nám / Education:

B.S. State University of New York, Oneonta, 1972
M.F.A. State University of New York, New Paltz, 1975

Helstu einkasýningar og innsetningar / Selected private exhibitions and installations:

Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík, Iceland 2000 (útsýning / geothermal installation)
Listasafnið á Akureyri, Akureyri, Iceland, 1999 (innsetning / installation)
Geysir, Haukadalur, Iceland 1999 (innsetning / geothermal installation)

Kresge Oval, Massachusetts Institute of Technology, Cambridge, MA, 1997 (innsetning / installation)
Grotto, Castle and Old Faithful Geyser Groups, Yellowstone National Park, WY, 1996 (innsetning / geothermal installation)
Perlan, Reykjavík, Iceland, 1991 (útilistaverk / permanent geothermal sculpture)
Krýsuvík, Iceland, 1988 (innsetning / geothermal installation)

Helstu samsýningar og innsetningar / Selected joint exhibitions and installations:

Nassau Community College, Firehouse Art Gallery, Garden City, NY, 1999
New Jersey City University, Jersey City, NJ 1998-9
Harvard University, Carpenter Center for the Visual Arts, Cambridge, MA, 1995

Tufts University, Tisch Gallery, Medford, MA, 1995
MIT, Center for Advanced Visual Studies / MIT Museum, Cambridge, MA, 1994
Lehigh University, Siegel Gallery, Bethlehem, PA, 1991-92
MIT Museum, Massachusetts Institute of Technology, Cambridge, MA, 1990-91
Everson Museum, Syracuse, NY, 1983
Maryland Institute, Meyerhoff Gallery, Baltimore, MD, 1980

Helstu viðurkenningar og starfslaun / Selected Grants and Fellowships:

New York Foundation for the Arts Grant, 2000
American - Scandinavian Foundation Fellow, 1999 - 2000
Listaskólinn á Akureyri (Akureyri School of Visual Arts), Iceland, gestalistamaður (visiting artist) 1999
Council for the Arts at M.I.T. Grant, 1997
M.I.T., Center for Advanced Visual Studies, Research Fellow, 1993-97
Fulbright Senior Research Grant, 1988
New York State Council on the Arts Grant, 1986
MacDowell Colony Fellowship, 1980
Collaboration Art, Science and Technology Grant, 1978

Verk á opinberum stöðum og í söfnum / Works in public spaces and in collections:

Perlan, Reykjavík
Massachusetts Institute of Technology, Cambridge, MA
Syracuse University, Syracuse, NY
State University of New York
Museum of Fine Art, Springfield, MA
MacDowell Colony, Peterborough, NH



Menningarmálanefnd Reykjavíkur / *The Cultural Committee of the City of Reykjavík:*

Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair, Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds, Júlíus Vífill Ingvarsson, Valgarður Bergsdóttir, Tryggvi Baldvinsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: Eiríkur Þorláksson

Styrktaraðilar / Sponsors:

American Scandinavian Foundation, New York, Foundation for the Arts - Special Opportunity Stipend, Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavík Energy, Jarðhitafélag Íslands / Iceland Geothermal Association, Melcor Inc., Nelson Metals, Wal-Rich Corporation, Hallcrest Products Inc.

Sérstakar þakkir til / Special Thanks to:

Jóhannes Zoëga, Jón Sveinsson, Friðrik Á. Brekkan, Valgarður Stefánsson.

Þýðing / Translation: Eiríkur Þorláksson

Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production:

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinna / Colour separation and montage:

Grafík hf.

Umbrot og prentun:

Grafík hf.